

## T I L L A G A

### **til þingsályktunar um áframhaldandi stöðvun nýráðninga.**

(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2022).

Flutt af Gísla Jónassyni.

Frsm. Gísli Jónasson.

Kirkjuþing 2021-2022 ályktar að sú stöðvun nýráðninga til starfa hjá þjóðkirkjunni sem aukakirkjuþing 2021 samþykkti þann 21. júní 2021 að gilda skyldi til 1. nóvember 2021 verði áfram í gildi til 1. janúar 2022.

#### Greinargerð.

Flutningsmaður tillögu þessarar er jafnframt flutningsmaður tillögu til þingsályktunar um fjölda starfa í vígðri þjónustu þjóðkirkjunnar í 14. máli kirkjuþings 2021-2022. Í því máli var lagt til sambærilegt ráðningarbann og hér er lagt til.

Segir svo í greinargerð með tillögunni: „Lagt er til að ráðningarbann það sem aukakirkjuþing 2021 samþykkti að sett yrði á til 1. nóvember 2021, gildi áfram til 1. janúar 2022, svo svigrúm gefist til að ljúka fjárhagsáætlun fyrir árið 2022, án þess að stofnað sé til nýrra launaútgjalda eða áframhaldandi launaútgjalda, nema fjárheimild sé til staðar. Í því sambandi er bent á að kirkjuþing 2021-2022, kemur væntanlega saman til fundar í nóvembermánuði nk. Gæti þingið þá veitt undanþágur frá ráðningarbanni ef brýna nauðsyn þætti bera til.“

Flutningsmaður hefur afráðið að draga framangreint 14. mál til baka, enda er efnislega fjallað um sama málefni í 22. máli kirkjuþings 2021-2022. Eigi að síður þarf að mati flutningsmanns að leggja til að stöðvun nýráðninga verði framlengd a.m.k þangað til lokið hefur verið við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2022. Er því í því skyni lagt fram nýtt þingmál, sama efnis og 14. mál hvað varðar áframhaldandi stöðvun nýráðninga. Þá skal jafnframt bent á að kirkjuþing 2021-2022 hefur samþykkt nýjar starfsreglur um ráðningu í prestsstörf (17. mál kirkjuþings 2020-2021) og öðlast þær gildi 1. janúar 2022. Samkvæmt hinum nýju starfsreglum þarf biskup að setja leiðbeinandi reglur fyrir valnefndir og umsækjendur og einnig þarf að kjósa valnefndir prestakalla. Flutningsmaður telur, með hliðsjón af öllum þeim undirbúningi sem þarf að eiga sér stað samkvæmt hinum nýjum starfsreglum, vart raunhæft að prestsstörf, sem talið er nauðsynlegt að ráða til og fjárheimild er fyrir,

verði auglýst á næstu vikum. Þá telur flutningsmaður að ekki sé heppilegt að laus störf presta séu auglýst á aðventu. Virðist því einsýnt að laus prestsstörf verði í fyrsta lagi auglýst eftir 1. janúar 2022.